



BARN AVERNDARSTOFA

Alþingi
Erindi nr. P 125/1687
komudagur 19.4.2000

Alþingi
Eva Margrét Ævarsdóttir
nefndarritari
150 Reykjavík


Reykjavík, 18. apríl 2000
Tilvísun : 2000030038

Vísað er til erindis yðar dags. 16. mars sl. þar sem óskað er umsagnar um frv. til laga um almenn hegningarlög, 359. mál, vitnavernd, barnaklám o.fl. Beðist er velvirðingar á því að umsögnin berst síðar en óskað var eftir.

Barnaverndarstofa kýs eðli máls samkvæmt að einskorða umsögn sína við 6. gr. frumvarpsins um barnaklám. Barnaverndarstofa telur að hér sé á ferðinni mikilvægt málefni sem er til þess fallið að vernda börn gegn kynferðisofbeldi. Lagaákvæðið, ef samþykkt verður, er í anda þeirra aðgerða sem ýmis þjóðríki Evrópu hafa gripið til á undanförunum árum í því skyni að verjast kynferðislegru misnotkun barna í verslunarskyni. Barnaverndarstofa mælir því eindregið með samþykkt þessa frumvarps.

Barnaverndarstofa vill nota þetta tækifæri til að koma á framfæri því álitum að þörf er á endurskoðun fleiri lagaákvæða sem lúta að meðferð mála er varðar kynferðisbrot gegn börnum. Einkum vill stofan benda á ný ákvæði í lögum um meðferð opinberra mála er varða skýrslutöku af börnum, sem tóku gildi hinn 1. maí sl., en eins og kunnugt er hefur verið mikil opinber umræða um afleiðingar þeirrar lagabreytingar. Barnaverndarstofa er reiðubúin að veita frekari upplýsingar í þeim efnum verði eftir því leitað.

Virðingarfyllst
f.h. Barnaverndarstofu


Bragi Guðbrandsson, forstjóri

PÓSTHÚSSTRÁTI 7
PÓSTHÖLF 53
121 REYKJAVÍK

SÍMI 552 4100
BRÉFSÍMI 552 4108

KT. 700595 2699